

Samþykkt

122
15. des.

um kynbætur hesta í Rangárvallasýslu.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir, samkvæmt lögum 11. desbr. 1891 um samþykktir um kynbætur hesta og viðaukalögum við nefnd lög 20. desbr. 1901, gert eftirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Gelda skal svo fjótt sem unt er skapnaðar vegna, og að minsta kosti innan eins og hálfis árs gamla alla hesta, sem eru skjóttir, hvítir, glámóttir, snúin-hæfðir, hvíthæfðir, þreklitlir og illa vaxnir, eða hafa aðra þá galla, sem rýra verð þeirra. Sama gildir og um hesta, sem eru af kyni með fyrtöldum göllum, eða eru getnir af náskyldum foreldrum eða eru undan merum yngri en 4 vetra eða eldri en 15 vetra. Þetta gildir og um hesta, sem þriggja vetra gamlir eru undir 128 cm. á hæð. Laungröðum hestum, sem eigi verða algeltir, eru eigendur skyldir að farga svo fjótt sem unt er.

2. gr.

Nú vanrækir einhver að gelda hest samkvæmt 1. gr., skal þá með hann farið sem óskilafjenað, ef hann hittist gæslulaus í annara landi en eiganda.

3. gr.

Skylt er hverjum manni að fódra vel graðhesta sína, ella skulu þeir geltir áður en hrossum er slept úr húsum á vori. Til undaneldis mega hestar ekki vera yngri en 3 vetra og ekki eldri en 12 vetra, og má ekki brúka þá neitt þann tíma ársins, sem þeir eru hafðir til undaneldis.

4. gr.

Til þess að hafa eftirlit með að reglum þeim, sem settar eru í 1.—3. gr., verði hlýtt, útnefdir sýslumaður mann í hverjum hreppi til 3 ára í senn. Kostnaður við framkvæmd samþykktar þessarar greiðist úr sveitarsjóði, sem þó ekki má fara fram úr 50 au. fyrir hvern búandi mann á svæði eftirlitsmanns. Skyldir eru hestaeigendur að sýna eftirlitsmanni alla fola sína þegar hann krefst þess á heimili folaeigenda.

122

15. des.

5. gr.

Þau atriði, er eftirlitsmaður skal sjerstaklega leggja áherslu á við val á undaneldishestum, eru þau, sem nú skulu talin:

a. Að hann sje eigi getinn af ofskyldum foreldrum, t. d. móðir og syni eða systkinum, og að hann sje af holdsömu og hraustu kyni.

b. Að hann hafi hreinan gang, vakran eða klárgengan, og að sá gangur sje ættgengur, helst í báðar ættir.

c. Að hann sje einlitur og af einlitri ætt, helst í báðar ættir.

d. Að hann sje gervilegur á vöxt og stór, hausfriður og kjálkabykkur, makkahár, hringmakkadur, þrekinn um bóga og rifin mjög vel bogadregin, beinhryggjadur, vöðvabykkur á þjóum, þrúður á tagl og fax, rjetthæfður og svart-hæfður, pungsiður og eystnabykkur og kólfdigur.

Frá ofantöldum einkennum má eftirlitsmaður aðeins vikja eftir leiðbeiningum frá Búnaðarfjelagi Íslands.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 1 til 50 kr., og rennur annar helmingur þeirra í sveitarsjóð, en hinn til uppljóstarmanns.

7. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Með samþykkt þessari er samþykkt um kynbætur hesta fyrir Rangárvallasýslu 12. júlí 1899 numin úr gildi.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1914, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 15. desember 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.